

Leikskólinn Krílakot

Umsókn um grænfána í sjöunda sinn



Leikskólinn Krílakot

Karlsrauðatorgi 23

620 Dalvík

Heimasíða: www.dalvikurbyggd.is/krilakot

Ágústa Kristín Bjarnadóttir

Mundi og Ösp



Mundi og Ösp eru umhverfismerki Krílakot
Mynd af Munda og Ösp er á öllum áminningum um t.d.
að slökkva ljós, spara vatn og fleira.

Efnisyfirlit

Stefna Dalvíkurbyggðar	4
Leikskólinn Krílakot	4
Hugmyndin fæðist	5
1. Umhverfisnefndin	5
2. Mat á stöðu umhverfismála	8
6. Áætlun um aðgerðir og markmið - Eftirlit og mat	8
7. Eftirlit og endurmat	10
8. Fræðsla og endurnýting	11
9. Verkefni unnin tengt orku, lýðheilsu og átthögum 2023 - 2025	15
Verkefni unnin skólaárin 2023 - 2025	16
10. Kynning á stefnunni	19
11. Umhverfissáttmálinn	19
Umhverfissáttmáli Krílakots	20
12. Framtíðarsýn	20
13. Lokaorð	22
Fylgiskjal 1	23
Fylgiskjal 2	23

Stefna Dalvíkurbyggðar

Dalvíkurbyggð hefur á undanförunum árum markað skýra stefnu í menntamálum. Í skólastefnu Dalvíkurbyggðar sem gefin var út 2014 segir: „Leikskólar sveitarfélagsins skulu í starfi sínu leggja áherslu á daglega útiveru og umhverfismennt auk þess að stuðla um leið að heilbrigðum lífsháttum og hreyfingu. Nemendur þurfa að hafa tækifæri til að vera í beinum tengslum við samfélagið og menninguna. Leggja skal áherslu á að bera virðingu fyrir náttúrunni, umgangast hana af ábyrgð og að þekkja nærumhverfi sitt. Lögð skal rík áhersla á sjálfbæra og hnattræna hugsun. Leikskólar sveitarfélagsins eiga að vera Grænfánaskólar“.

Leikskólinn Krílakot

Leikskólinn Krílakot tók til starfa haustið 1980 í hluta af núverandi húsnæði skólans. Fyrsti forstöðumaður leikskólans, þá dagheimilis, var Margrét Vallý Jóhannsdóttir. Upphaf leikskólastarfs á Dalvík má rekja allt aftur til ársins 1961 þegar Kvenfélagið Vaka kom á fót barnaleikvelli til að hafa þar barnagæslu á sumrin. Þar sem hvergi hefur fundist í gögnum neinn vígsludagur leikskólans ákváðu leikskólakennarar haustið 1995 upp á sitt eindæmi að afmæli leikskólans skyldi verða 9. september.

Sá hluti sem leikskólinn hóf starfsemi sína í var tekinn í notkun í september 1980. Salur, eldhús, skrifstofa, kaffistofa, ræsting, þvottahús og loft var byggt við árið 1987. Árið 2007 var svo þriðja deildin byggð vestan við húsið ásamt bættri starfsmannaaðstöðu. Leiksvæðið hafði verið stækkað upp í 2.960 m² eftir að við bættist trjálundur og lóð Móafells. Í ágúst 2016 sameinuðust tveir leikskólar í einn og var leikskólinn Kátakot lagður af. Núna í dag dvelja í leikskólanum nemendur á aldrinum 1 – 6 ára.

Hugmyndin fæðist

Veturinn 2008 - 2009 tóku allir skólar í sveitarfélaginu þátt í verkefninu *Á grænni grein*. Leituðust þeir við að stíga skrefin 7 í átt að Grænfánanum. Í stefnuskrá skólanna var ákvæði um að allir eigi þeir að vera Grænfánaleikskólar.

Starfsfólkið fór á fund hjá Landvernd og hjá Gámapjónustunni auk þess að kynna sér vinnu Grænfánaskóla á Akureyri. Markvisst hefur verið unnið að því að gera Krílakot að umhverfisvænum vinnustað og stuðla að verndun umhverfis. Þann 24. maí 2012 var fyrsta Grænfánanum flaggað við Krílakot við mikla ánægju starfsfólks, foreldra og nemenda, í annað sinn í maí 2014 og þriðja sinn í maí 2016. Þá voru sett ný markmið og stefnt að fjórðu flöggun í september 2018 en sú flöggun frestaðist til febrúar 2019. Flaggað var í fimmta sinn í maí 2021. Í júní 2023 var grænfánanum flaggað í sjötta skipti.

1. Umhverfisnefndin

Í umhverfisnefnd var valið skv. leiðbeiningum á síðu Landverndar. Í henni eru stjórnandi, kennarar, starfsmenn í eldhúsi og foreldrar sem sitja í stjórn foreldrafélagsins eða foreldraráði. Umsjónaraðili verkefnisins var valinn úr röðum starfsfólks. Ræstingaraðili er utanaðkomandi aðili en er hafður með í ráðum þó hann sæki ekki formlega fundi. Umhverfisnefndin heldur að meðaltali fundi 6 sinnum yfir skólaárið.

Á umhverfisnefndarfundum er farið yfir stöðu mála, bent á það sem gott er og rætt um hvað betur má fara. Settir eru niður punktar um hvað næst sé á dagskrá, hvernig megi fræða nemendur betur og hvernig er hægt að virkja fleiri í kringum okkur.

Fundað er með nemendum sem eru í grænfánanefndinni tvisvar sinnum á önn og farið yfir með þeim efni tengt grænfána. Þau eru fengið í lið með okkur að minna

aðra á og þau ræða svo við nemendur á sinni deild um sóun og flokkun. Einnig ræðum við um náttúruna, heilsu ásamt umhverfisvernd.

Umhverfisnefnd

Skólaárið 2023 - 2024

- 👉 Ágústa Kristín Bjarnadóttir, Aðstoðarleikskólastjóri.
- 👉 Dagný Björk Sigurðardóttir, Deildarstjóri á Mánakoti.
- 👉 Elva Ósk Jónsdóttir, Matráður.
- 👉 Kristín Arngrímsdóttir, starfsmaður í eldhúsi.
- 👉 Sigríður Þórunn Jósepsdóttir, starfsmaður í eldhúsi.
- 👉 Hekla Rán Árskóg, Stafsmáður á Skýjaborg.
- 👉 Kolbrá Kolka Guðmundsdóttir, starfsmaður á Hólakoti.
- 👉 Kristófer Leví Skjöldal, starfsmaður á Sólkoti.

Skólaárið 2024 - 2025

- 👉 Ágústa Kristín Bjarnadóttir, Leikskólastjóri.
- 👉 Elvý Guðríður Hreinsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri.
- 👉 Elva Ósk Jónsdóttir, Matráður.
- 👉 Kristín Arngrímsdóttir, starfsmaður í eldhúsi.
- 👉 Daria Szok, starfsmaður á Kátakoti.
- 👉 Herdís Valsdóttir, starfsmaður á Mánakoti.
- 👉 Valeria Conte., starfsmaður á Mánakoti.
- 👉 Ástrós Lena Ásgeirsdóttir. Starfsmaður á Skýjaborg
- 👉 Carmena Maria Sabellano Perez, starfsmaður á Skýjaborg.
- 👉 Indíana Einarisdóttir, starfsmaður á Sólkoti

Foreldrar í stjórn foreldrafélagsins 2023-2025

- 👉 Una Dan Pálmadóttir
- 👉 Kolbrún Svansdóttir
- 👉 Súsanna Svansdóttir
- 👉 Júlía Ósk Júlíusdóttir

Foreldraráð og umhverfiráð sem kemur að umhverfismálum 2023-2025

- 👉 Garðar Hrafn Sigurjónsson
- 👉 Auður Olga Arnarsdóttir
- 👉 Hrönn Hafey Haraldsdóttir
- 👉 Ingigerður Lilja Jónsdóttir

Grænfánanefnd nemenda 2023 - 2024

- 👉 Erika, Rúna Hólm, Högni, Hilmar Ingvars, Þormar Kári, Hrafnhildur Lilja

Grænfánanefnd nemenda 2023 - 2024

- 👉 Andrea, Jóhann, Einar Bragi, Elma María, Birnir Sölvi og Sara Sól

Á fundum sem kennarar sitja er farið yfir hvernig verkefnið gengur og tekur ákvarðanir um áframhaldandi skipulag og verklag varðandi verkefnið. Einnig er farið yfir gátlista og kannað hvaða árangur hefur náðst og hvað má fara betur. Með foreldrum er farið yfir stöðu skólans, hvað er verið að vinna með og fengnar hugmyndir frá foreldrum um hvað hægt er að gera betur eða bæta í starfinu.

Helstu ákvarðanir umhverfisnefndar voru:

- 👉 Þema næstu tveggja ára er orka, átthagar, lýðheilsa,
- 👉 Hver deild útfærir verkefnið eftir aldri og þroska nemenda.

- 👉 Metin verða verkefni eftir veturinn og sjá hvernig gengur (sjá fylgiskjal neðst í skýrslunni.

2. Mat á stöðu umhverfismála

Staða umhverfismála er metin þannig að gátlisti frá heimasíðu Landverndar er fylltur út fyrir starfsár Krílakot af starfsfólki skólans sem er í umhverfisnefndinni. Í upphafi gerðu starfmenn þetta en svo þegar Landvernd breytti gátlistunum og þeir urðu meira nemenda vænni. Hefur frá 2021 matið farið eingöngu fram með nemendum. Gátlistana má sjá í fylgiskjali 1.

Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð styður við umhverfisvænan hugsunarhátt. Á hverju heimili og í hverju fyrirtæki er gert ráð fyrir að eftirfarandi sé flokkað: Lífrænn úrgangur, ýmiss konar pappír, pappi, plast, málmar, fernur og rafhlöður.

6. Áætlun um aðgerðir og markmið – Eftirlit og mat

Stöðugt endurmat fór fram á tímabilinu 2023 - 2025 til þess að þau markmið sem þegar höfðu náðst myndu halda sér og fundnar leiðir til að ná nýjum markmiðum. Ný markmið voru sett þegar skýrslu var skilað 2023 sem gekk ágætlega að framkvæma

Markmið Krílakots skólaárin 2023-2025

Við ætlum að halda áfram að vinna að settum markmiðum og þróa okkur áfram:

1. Að vera meðvituð um mikilvægi þess að flokka sorp.

Dalvíkurbyggð styður flokkun sorps með flokkunarkerfi og stutt er að fara á endurvinnslustöð með gler og annað sem ekki er sótt heim. Lífrænn úrgangur fer í sértunnu og er fluttur til moltugerðar. Þar sem lífrænn úrgangur er flokkaður og sendur til moltugerðar höfum við ekki útbúið moltu sjálf. En meiri hluti lífræns úrgangs fer í hænur á sveitabæ í sveitafélaginu.

2. Að hlutir séu endurnýttir eins mikið og mögulegt er.

Leikskólinn hefur starfandi listasmiðju og eru kennarar duglegir að nota efnivið sem fellur til eða sem börnin safna sjálf í vettvangsferðum. Úr gömlum handklæðum klippum við niður þvottastykki sem við notum til að þrifa okkur með eftir máltíðir. Við reynum að nýta umbúðir sem koma utan um vörur sem keyptar eru inn.

3. Við viljum rækta matjurtir og fylgjast með hvernig fræ verður að plöntu og síðar að fæðu sem við borðum.

Nú hefur kartöfluræktun átt fastan sess í skólastarfinu síðustu ár þar sem að nemendur á Kátakoti (næst elstu nemendur) setja niður útsæði á vorin og taka síðan upp kartöflur á haustin þegar þau eru komin á Hólakot (elstu deildina). Gaman væri að bæta í ræktunina öðrum tegundum af grænmeti eða prófa að gróðursetja inni hjá okkur.

4. Að fara sparlega með pappír, vatn og rafmagn.

Við förum sparlega með pappírinn, teiknum báðum megin á blöðin, aftan á niðurklippta morgunkornspakka og blöð sem búið er að prenta á öðru megin. Við pössum upp á að sknúfað sé fyrir krana eftir notkun og að ljós séu slökkt þegar farið er úr mannlausum herbergjum.

- Umhverfisnefnd barna hefur haft það hlutverk að minna fólk á sem er að gleyma þessum hlutum.

5. Að við þekkjum okkar nánasta umhverfi og berum virðingu fyrir því.

Á eldri deildunum er útikennsla einu sinni í viku þar sem farið er í vettvangsferðir um bæinn. Nálægð er mikil við fjall og fjöru. Spannandi þykir þeim að fara í skógarreitinn okkar. Tilraunaverkefni í útkennslu fór í gang sumarið 2018 í

skógarreitnum Bögg þar sem börnin á deildinni Kátakoti fóru þrisvar í viku í útikennslu frá kl 10 - 14.

6. Við viljum segja öðrum frá öllu því góða sem við gerum og hafa það sýnilegt fyrir foreldrum og börnum.

Á veggj leikskólans eru hengd upp öll þau verkefni sem nemendur vinna með og tengjast náttúru og umhverfisvitund. Þannig eru þau sýnileg foreldrum og börnum. Á heimasíðu skólans eru almennar upplýsingar um umhverfismál leikskólans og sagt er frá Grænfánaferlinu. Þar er einnig umhverfissáttmáli leikskólans sýnilegur.

7. Að við séum meðvituð um mikilvægi hreyfingar og hollustu.

Við leggjum ríka áherslu á bæði andlegt og líkamlegt heilbrigði. Það gerum við með því að vera dugleg að hreyfa okkur, borða hollt og vera góð við hvert annað. Elstu tveir árgangarnir fara í íþróttatíma hjá íþróttakennara einu sinni í viku. Á haustin og á vorin fáum við einnig sundkennslu hjá sama kennara. Yngri deildarnar fara í hreyfistundir í sal leikskólans. Einnig erum við dugleg að fara í gönguferðir og útiveru.

7. Eftirlit og endurmat

Fyrir hverja Grænfánaumsókn munu bætast við fleiri markmið fyrir leikskólann. Gátlisti er fylltur út á tveggja ára fresti. Áfram verða haldnir reglulegir fundir í umhverfisnefnd, bæði í fullorðins- og nemendanefnd. Umsjónarmaður verkefnisins minnir starfsfólk og börn á umhverfisvæna hætti og hvetur starfsfólk til að finna umhverfisvænar hugmyndir til að nota í starfinu.

- Nemendur hafa fyllt út matslista einu sinni yfir skólaárið til að sjá hvar við stöndum og koma með hugmyndir af breytingum og er það liður í að fá börnin meira inn í ákvarðanatöku varðandi leikskólann og koma með hugmyndir að breytingum.

- Í gátlistunum er talað mikið um heimsmarkmið sameinuðupjóðanna en við höfum ekki verið að vinna markvisst eftir þeim þrátt fyrir að vinna með hluti sem tengjast þeim. Þar er tækifæri til að bæta sig og skoða heimsmarkmiðin betur.
- Í gátlistanum um lýðheilsu kom að nemendur hefðu ekki fengið fræðslu í því hvernig ætti að beita líkamanum rétt og er það góður punktur sem við munum skoða fyrir bæði nemendur og starfsfólk, ef starfsfólk fær fræðslu um þessa hluti getur það leiðbeint nemendum betur. Einnig kom að ekkert væri um hugleiðslu og jóga. Börnin fara í hvíld einu sinni á dag eftir hádegismat og getur verið hugleiðsla fyrir þau þrátt fyrir að heita ekki því nafni. Börnin hafa ekki verið að fara í jóga en það er áhugavert og væri gaman að fá fræðslu á því og leyfa nemendum að prófa.
- Þegar farið var yfir gátlistana um lýðheilsu kom athugasemd frá barni sem vildi að allir færu fyrir heim af leikskólanum. Þá var einmitt verið að vinna að því að undirbúa verkefnið gjaldfrjáls leikskóli þar sem að foreldrar þurfa ekki að borga leikskólagjöld fyrir þau börn sem eru minna en 30 klukkustundir á viku í leikskólanum. Strax voru yfir 60% barna sem að nýttu sér þetta og þar af leiðandi eru mörg börn styttra í leikskólanum en áður. Það verður til þess að börnin eyða meiri tíma með fjölskyldum sínum og verður áhugavert að sjá hvort einhverjar aðrar breytingar verði sjáanlegar vegna þessa verkefnis.

8. Fræðsla og endurnýting

Fræðsla til nemenda fer fram í útikennslu, hópastarfi, samverustundum, söngstundum eða í ávaxtastundum þegar þau eru öll saman komin og hlusta. Hún fer meðal annars fram í formi spjalls og eru ýmis verkefni unnin, bæði sameiginleg og einstaklingsverkefni. Fræðslan fer líka fram í söng og leik, en leikurinn er mikilvægasta náms- og þroskaleið nemenda og fer mikið nám fram í gegn um leik.

Nemendur eru hvattir til að flokka sorp í leikskólanum. Þau eru frædd um það hvað verður um ruslið og hvernig hægt sé að nýta endurvinnanleg efni aftur. Eftir ruslatínsluferðir setjast allir niður saman og flokka ruslið sem tínt var.

Í vali hefur stundum verið boðið upp á að leika með náttúruleg efni eins og trjágreinar, skeljar, steina eða byggja úr mjólkurfernum.

Verkefni sem unnin hafa verið í gegnum árin og eru enn við líði.

- Skýin fyrir myndir af börnunum í forstofu eru plöstuð og endurnýtt.
- Hjörtun og bangsarnir sem bjóða börnin velkomin eru plöstuð og notuð aftur og aftur.
- Smekkir saumaðir úr gömlum handklæðum og sængurverum.
- Þvottastykki saumuð úr gömlum handklæðum.
- Taupokar fyrir hvern nemenda notaðir fyrir óhrein föt.
- Bendum ræstitækni á ef ekki þarf að skúra gólf í herbergjum.
- Nýtum plöstin betur í plöstunarvél.
- Morgunkornspakkar notaðir fyrir föndurpappír.
- Körfurnar fyrir aukaföt með nöfnum nemenda fluttar á milli deilda.
- Leggjum alltaf meiri og meiri áherslu á að flokka það sem fellur til og fer til/í endurvinnslu.
- Nota pappírsafganga fyrir börnin til að lita og líma.
- Skóhlífar heyra sögunni til.
- Næstum allar matarleyfar fara á bóndabæ fyrir hænur þar á bæ.
- Jólagjafir frá foreldrafélaginu eru settar í fjölnota gjafapoka í stað pappírs

Verkefni sem unnið var með 2025

- Fengum fræðslu um efnasnjall leikskóli. Farið var í kjölfarið í samræður við Dögum sem þrífur hjá okkur og hafa þau brugðist við og skipt út efnum hjá sér hægt og rólega og eiga núna flest efnin að vera svansmerkt. Einnig var farið yfir öll leikföng og er búið að fjarlægja eitthvað af leikföngum sem voru orðin gömul og úr sér gengin. Við fórum líka yfir önnur efni sem leikskólinn er að kaupa inn og erum að skipta út og fá efni sem eru svansmerkt. Þetta verkefni mun svo halda áfram næstu árin þar sem nóg er eftir að fara yfir og skoða
- Útbúin var svefnstefna í Krílakoti og var farið yfir mikilvægi svefns á foreldrafundi með ráðgjafa frá svefn- og heilsu.

- **12 mánaða til 2 ára**

Ætlum við að leyfa þeim að ráða ferðinni með sinn svefn þar sem þau eru að læra nýja hluti allan daginn í miklu áreiti sem geta tekið á litla kroppa sem þurfa svefn.

- **2-3 ára**

Eftir því sem börnin eldast er viðmiðin um klukkustunda svefn að minnsta kosti og er óþægilegt fyrir börnin að vera vakin fyrir þann tíma. Þau eiga þá oft erfitt með að vakna og koma sér af staði út í daginn. Ef börnin sofa sjálf minna en þann tíma þýðir það að þau þurfi ekki meiri svefn og er það þá þeirra að ákveða það og eru þar af leiðandi mun hressari þegar þau vakna því þau eru tilbúin. Sum börn hætta að sofa eftir þennan aldur en ætlum að leyfa þeim að sofa ef þau sofna einn og einn dag. Börn eru mispreytt eftir dögum og ef að þau fá ekki sína hvíld í hádeginu eru þau líklegri til að sofna seinni part dags og það hefur miklu meiri áhrif á nætursvefninn en smá svefn í hádeginu.

- **3 ára og eldri**

Þau börn sem sofna í hvíldinni eru vakinn eftir að hvíldin er búin og sofa þau þá sirka í 30 mín en aldrei meira en það.

Okkur hættir oft til að vanmeta svefnþörf barna og oft hafa börn þörf fyrir meiri svefn en þau fá. Hádegissvefn er náttúruleg þörf og hluti af heildarsvefnþörf barns á sólarhring. Börn allt upp að 5 ára aldri geta

haft þörf fyrir svefn eftir hádegi vegna uppsafnaðs langtíma skorts á svefni.

Útikennsla

Í útikennslunni fer fram mikil umhverfisfræðsla en þar hefur nálægðin við náttúruna áhrif. Í gönguferðum fylgjumst við með árstíðum, veðri, umferð, dýralífi, gróðri og spáum í stjörnurnar og himingeiminn. Við tínum rusl, skoðum áttthaga okkar og tökum myndir af því sem fyrir augu ber. Í umhverfinu getum við einnig fundið efnivið til listsköpunar. Stundum er leikið í trjám eða snjóhús búið til.

Markmið útikennslu eru:

- Að efla alhliða þroska nemenda
- Að nemendur kynnist nærumhverfi sínu og leikskólans.
- Að nemendur kynnist náttúrunni og læri að bera virðingu fyrir henni.
- Að nemandi efli þol sitt og úthald.
- Að vinna með námssvið aðalnámskrár leikskóla.
- Að nemendur læri umferðarreglurnar.
- Að nemendur rannsaki og skoði náttúruna.
- Að nemendur njóti og nýti náttúruna allt árið um kring sem leiksvæði og efnivið til skapandi starfs og leikja.

Umhverfið getur tengst mörgum þáttum leikskólastarfsins, þess vegna er útikennsla mikilvæg þegar kemur að stærðfræði og leikskólalæsi en þá tengja nemendur snemma við að það sé hægt að læra ýmislegt af náttúrunni.

Sveitaferð

Sveitaferð er árlegur viðburður hjá okkur og er markmiðið að nemendur fái tækifæri til að komast í nánd við dýrin í sveitinni, kynnist búskap og lifnaðarháttum. Heimsótt eru býli í nágrenninu og er það foreldrafélagið sem sér um að skipuleggja þessar ferðir og fara með börnum sínum á staðinn.

9. Verkefni unnin tengt orku, lýðheilsu og átthögum 2023 - 2025

Við ákváðum að öll fræðsla í tengslum við grænfánann væri sameiginleg ábyrgð okkar allra, þ.e. yrði hluti af okkar daglega starfi. Við höldum áfram að fara sparlega með vatn og rafmagn og endurnýta það sem mögulegt er.

Aðal áhersla okkar var átthagar, lýðheilsa og orka. Við skoðuðum nærumhverfið, fórum í göngutúra og ýmsar vettvangsferðir þar sem við lögðumst í rannsóknarvinnu og gerðum tilraunir.

Markmið og leiðir með átthagabema

- Að nemendur þekki sitt nærumhverfi.
Í göngutúrum um nágrennið, skoðum náttúruna og það sem í kringum okkur er. Við skoðum helstu stofnanir og kíkjum í heimsóknir og kynnum okkur helstu vinnustaði í sveitafélaginu. Við höfum kíkt á bæjarskrifstofurnar, Kjörbúðina, dvalarheimilið Dalbæ, menningarhúsið Berg, slökkvistöðina og ýmsa fleiri staði.
- Að nemendur þekki umferðarreglurnar og viti hvað ber að varast í umferðinni. Við leggjum áherslu á að nemendur læri að líta til beggja hliða og hlusta áður en þau fara yfir göturnar og að best sé að fara yfir á gangbraut. Allir nemendur eru í endurskinsvestum þegar við förum í göngutúra og nýlega voru keypt vesti á kennarana líka. Við ræðum um mikilvægi þess að vera með endurskinsmerki svo bílstjórnarnir sjái okkur betur.

- Að nemendur þekki helstu dýr og plöntur í náttúrunni í kring. Við förum með stækkunarglerin í gönguferðir og skoðum það sem fyrir augu ber, hvort sem það eru skordýr eða plöntur, í skógi eða fjöru. Við ræðum um hvað þau heita og reynum stundum að finna myndir af þeim í fræðibókum.
- Að nemendur þekki helstu stofnanir, söfn og vinnustaði í sveitafélaginu. Eins og áður segir förum við í heimsóknir á vinnustaði en einnig skoðum við þau söfn sem eru í sveitafélaginu. Við förum reglulega á Bókasafn Dalvíkurbyggðar og höfum einnig kíkt á Byggðasafnið.
- Að nemendur fræðist um hvernig sólkerfið okkar virkar.

Markmið og leiðir með orku

- Að nemendur læri um orkuna og hvaðan hún kemur
- Að nemendur læri að passa upp á að slökkva ljós og spara þannig rafmagn
- Að nemendur læri um hvernig á að nýta orkuna og hvort það sé til næg orka til á Íslandi.
- Í hvað fer rafmagnið í dag og hvað var notað áður fyrr.

Verkefni unnin skólaárin 2023 - 2025

Skýjaborg

Á Skýjaborg eru yngstu nemendurnir hjá okkur sem eru 1 - 2 ára gömul og unnu þau verkefni sem heitir "Ég og fjölskyldan mín". Þetta verkefni er unnið á hverju ári þegar nýir nemendur byrja. Markmiðið með verkefninu var að nemendur fái tengingu inn á leikskólann sem þau þekkja. Það auðveldar þeim fyrstu skrefin á leikskólanum ásamt því að gera hann „þeirra.“ Verkefnið ýtir undir skilning á því hvað er mín fjölskylda og einnig því að aðrir eiga sína fjölskyldu ásamt því að sýna að fjölskyldur eru allskonar. Þetta verkefni er gott tæki til málörvunar þar sem það skapar umræðugrundvöll sem nemandinn tengist og þekkir vel. Í framkvæmd fyrir þetta verkefni þarf aðstoð frá foreldrum og forráðamönnum. Þeir voru beðnir

um að senda myndir af nemendum og nánustu fjölskyldu sinni. Kennararnir útbúa svo hús sem nemendur eru búnir að mála og límdu myndirnar á. Húsin voru svo hengd í þeirra hæð svo þau gætu skoðað þau þegar þau vildu.

Sólkot og Mánakot

Á Sólkoti og Mánakoti var unnið verkefni um heimabyggðina. Sett var upp kort af Dalvíkurbyggð og sveitinni og merktra inn allar götur og teknar myndir af þeim fyrir framan húsið sitt og sett á kortið. Nemendur unnu svo með hvað fleira væri í þeirra nærumhverfi og byrjuðu meðal annars að fara á bókasafnið og kynna því sem þar er að finna. Einnig var rætt um hvaðan við erum komin og hvaða tungumál við tölum. Rætt var um mikilvægi flokkunar í okkar samfélagi. Farið var í gönguferðir og skoðaðir fuglarnir, blómin, snjóinn og gerðar ýmsar uppgötvanir með þeim. Sólkot vann með litina og var unnið tengt litum í regnboganum.

Kátakot

Á Kátakoti var unnið verkefni um orku, þau hafa lært um hvernig rafmagn er búið til og hafa þeir tekið mjólkurfernur með sér að heiman, nemendur bjuggu til sitt eigið hús og byggðu raforkuver og tengdu þetta við rafmagnsstaura og lengra inn í húsin sín. Farið var um Dalvík til að athuga hvar rafmagn er notað, við lékum okkur með uppblásna gúmmíhanska sem rafmögnuðu hárið, og að sjálfsögðu talað um hvernig vasaljós barnanna virka.

Í vatns þemanu var talað um hvað snjór er, hvað verður um snjóinn þegar það er ekki lengur frost og hvert rennur vatnið þegar það bráðnar. Hvað verður um pollana okkar og litlu vötnin okkar þegar frost verður. Hafa nemendur lært hvers vegna það er mikilvægt að við drekkum vatn og því líka hversu mikilvægt það er að við hlúum vel að hreinu vatni. Þeir hafa teiknað og litað hversu mikið vatn við höfum í líkamanum.

Búið er að safna fræjum sem þarf að vökva svo þau geti spírað og plönturnar lifað. Við eyddum degi á ströndinni og skoðuðum lífið þar. Bæði plöntur og dýr.

Við lékum okkur líka með vatn. Meðal annars siglt með bát í pollum og farið upp í gil og lært að umgangast ána og krakkarnir fengu að smakka vatnið beint úr ánni.

Við settum vatn í poka, sem við teiknuðum á sjóinn, sól og ský. Við hengdum pokann í gluggann svo að sólin skín á hann, vatnið gufar upp og sest inn á pokann þar til að droparnir renna niður. Til að sýna þeim hringrás vatnsins.

Við gerðum tilraun með þyngdaraflið í vatni. Krakkarnir fundu steina úr garðinum og settu í haldapoka til að gera hann vel þungan, prófuðu að lyfta honum á grasinu og prófuðu svo að lyfta honum ofan í vatninu og þau fundu muninn hvort var þyngra og léttara. Þau voru flest öll sammála um það að pokinn var léttari ofan í vatninu en fundu mestan mun þegar þau reyndu að lyfta honum upp úr vatninu.

Einnig gerðum við tilraun með poppbaunir í vatni. Þar settu börnin edik og matarsóda út í glært vatnsglas og að lokum nokkrar poppbaunir, þar sáu þau hvernig efnablandan lét poppbaunirnar skoppa til í glasinu, upp og niður.

Skólaárið 2024-2025 var unnið með sjávarþema. Þar lærðu nemendur um fiskana í sjónum, eitt foreldri sem er sjómaður kom með allskonar fiska sem nemendur gátu komið við og lært hvað þeir heita. Nemendur bjuggu svo til allskonar fiska sem hengdir voru inn í kennslustofunni. Einnig bjuggu þau til fiskabúr.

Hólakot

Unnið var með verkefnið heimabærinn og unnu Hólakots nemendur verkefni í samvinnu við 1 bekk í grunnskólanum. Nemendur fræddust um hinar ýmsu byggingar sem eru í bæjarfélaginu ásamt fleiru sem þeim fannst mikilvægt að tilheyrði þeirra heimabæ. Verkefnið var svo til sýnis í ráðhúsi Dalvíkurbyggðar. Í framhaldi fóru nemendur í verkefni um hvernig mismunandi fjölskyldur hafa það í hinum ýmsu löndum og hvernig heimili þeirra eru, ásamt aðstæðum og menningu.

Einnig unnu nemendur á Hólakoti verkefni um himingeiminn og útbjuggu þau plánetur og sólkerfið. Notaðar voru frauðkúlur sem málaðar voru og hengdar inn í pappakassa. Nemendur skreyttu kassann og festu pláneturnar inn í þeirri röð sem viðkomandi plánetur eru í úti í geimnum. Einnig teiknuðu þau myndir þar sem þau túlkuðu himingeimin á sinn hátt.

Nemendur héldu einnig listasýningu í Bergi

10. Kynning á stefnunni

Allir grunn,- og leikskólar í Dalvíkurbyggð flögguðu Grænfánanum í fyrsta skiptið í maí 2012 og hefur umræðan um þessi málefni verið sýnileg í samfélaginu. Foreldrar hafa einnig verið upplýstir um stöðu mála, bæði með fréttabréfum, með tölvupósti og einnig á haustfundum hefur foreldrum verið sagt í stuttu máli frá áherslum skólans í umhverfismálum. Verk nemenda eru sýnileg á veggjum leikskólans og einnig eru þau hengd upp á vegg í Kjörbúðinni á Dalvík, Menningarhúsinu Bergi eða í ráðhúsinu. Þannig vonumst við til að vekja almenning til umhugsunar um hvað umhverfismál og þá lýðheilsa er mikilvæg fyrir alla og að þeir sem eldri eru séu góðar fyrirmyndir fyrir þá yngri. Í þessu tilfelli eru það þó nemendur sem eru að sýna hvað þau eru komin langt í umhverfismálum.

11. Umhverfissáttmálinn

Umhverfissáttmáli Krílakots var gerður með nemendum haustið 2014. Í umhverfissamveru spjölluðu nemendur í elsta árgangi leikskólans og kennarar um hvað okkur þætti mikilvægt í sambandi við jörðina okkar og hvernig við þyrftum að haga okkur til að geta öll lifað hér saman góðu lífi. Ákveðið var að hafa umhverfissáttmálann með einföldum setningum sem öll börnin ættu auðvelt með að tileinka sér. Við förum yfir sáttmálann með nemendum til að halda okkur og þeim

við efnið. Við veltum því fyrir okkur hvernig við getum uppfyllt þessi skilyrði og skráum gjarnan svör nemenda niður.

Umhverfissáttmáli Krílakots

Nemendur völdu sér umhverfissáttmála þar sem að umhverfisnefnd nemenda kom með tillögur að hugmyndum og síðan var farið með þær í samveru hjá elstu tveimur deildunum og þau kusu þrjár setningar sem að þeim fannst passa best við og vildu hafa í sáttmálanum sínum. Þær voru:

- 👉 Við eigum að flokka ruslið og það er bannað að henda því á jörðina
- 👉 Muna að slökkva ljósin og sknúfa fyrir vatnið
- 👉 Hjóla eða ganga í leikskólann

Þau máluðu einnig myndir á striga þar sem að hver mynd táknaði eina árstíð. Skýjaborg og Sólkot voru með vetur, Mánakot var með vor, Kátakot var með haust og Hólakot var með sumar.

12. Framtíðarsýn

Næstu tvö skólaár eða skólaárin 2025-2027 hefur verið ákveðið að Hólakot vinni með lýðheilsu. Nemendur fræðist um t.d. mataræði, hreyfingu, geðheilsu, tannhirðu svo eitthvað sé nefnt. Einnig vinna þau himingeiminn.

Kátakot mun vinna með rafmagn og vatn (orku) fyrra árið og sjávarþema seinna árið. Nemendur læri um til hvers við þurfum orku og í hvað er hún notuð. Einnig að þau læri um fiskana í sjónum og ýmsar aðrar verur sem búa í sjónum.

Yngri deildarnar þrjár ætla að vinna með átthaga, hugmyndin er að skoða nærumhverfi leikskólans eins og t.d. stofnanir og fyrirtæki. Skoða hvar við eigum heima og hvernig aðrir búa og starfa í kringum okkur.

Leikskólinn ætla að hafa samband við grunnskólann um að taka þátt í að hreinsa bæinn. Hvernig getum við haft áhrif á nærumhverfi okkar með einhverjum hætti, t.d. sett okkur í samband við sveitarstjórn ef við viljum koma einhverju á framfæri? Einnig velta fyrir okkur hvernig umgengni er um bæinn okkar og leikskólann tengt úrgangi (rusli) og hugmynd er að taka að okkur svæði hér í kring og tína rusl og vigta hvað mikið við finnum í hverjum mánuði. Af hverju er mikilvægt að takmarka það rusl sem fer frá okkur? Hvaða áhrif hefur það ef við gerum það ekki?

Halda áfram með verkefnið efnasnjall leikskóli. Kennarar og nemendur velta fyrir sér hvaða efni eru í umhverfi okkar sem eru skaðleg og losa okkur við það sem við teljum ekki holt fyrir okkur.

Vinna með lýðheilsu. Hafa tannverndarviku, vinna með geðheilsu og líðan bæði nemenda og kennara.

Öllum nemendum er boðið að taka þátt í 112 deginum, þá koma viðbragðsaðilar í heimsókn og kynna fyrir nemendum starfs sitt og þau fá að skoða bílana þeirra, tæki og tól.

Einnig myndi hver og ein deild vinna með verkefni sem hæfir aldri barnanna.

- Hólakot vinni með Hnattrænt jafnrétti og átthaga
- Kátakot vinni með orku og vatn
- Mánakot vinna með neyslu og úrgang
- Sólkot vinni með átthaga
- Skýjaborg vinni með átthaga

13. Lokaorð

Við erum mjög stolt af þeirri vinnu sem fer fram hér í Krílakoti og bíðum spennt eftir að skólinn okkar verði tekinn út í sjöunda sinn. Síðustu ár hefur umhverfisvitund okkar aukist og höfum við gert umhverfismál að okkar lífsstíl hér í Krílakoti en kjósum að líta ekki á þau sem vinnu eða verkefni. Að spara pappír, rafmagn og vatn og að flokka sorp er orðið hluti af okkar daglegu venjum.

Við erum alltaf að læra, alltaf að finna eitthvað sem betur má fara. Við útskrifumst aldrei úr grænfánaskóla lífsins. Sjálfbærni er orðin einn af grunnþáttum menntunar samkvæmt aðalnámskrá fyrir leik,- grunn,- og framhaldsskóla og viljum við trúa því að með tímanum verði öll heimili og stofnanir umhverfisvæn.

Nemendur á leikskólaaldri eru móttækileg og því er best að byrja á þeim. Með góðri umhverfisfræðslu færa nemendur það heim sem þau læra í leikskólanum og meðvitund foreldra eykst þá um leið.

Mikið er farið í útíkennslu og unnið með náttúruna og nærumhverfið. Mörg verkefni eru því ekki til á blaði en nemendur nutu þess að læra um trén, fjöllin og þau fyrirtæki sem eru hér í Dalvíkurbyggð. Snjór og haugar notaðir í leik og ýmiskonar kennslu.

Við sækjum því hér með um að fá að flagga grænfánanum í sjöunda sinn og ef ósk okkar verður að veruleika væri gaman að það færi fram föstudaginn 6. júní þegar vorhátíð okkar er. Planið er að gróðursetja tré í garðinn að lokinni athöfn.

Bestu kveðjur

Nemendur og starfsfólk í Krílakoti á Dalvík



Fylgiskjal 1

Umhverfisgátlisti fyrir skóla á grænni grein

Skóli:

Leikskólinn Krílakot

Skólaárið:

2023-2025

Mat nemenda skólaárið 2023 - 2024

Átthagar, útfyllt af nemendum í umhverfisnefnd



Þekkið þið örnefni í landslaginu í kringum ykkur? 		X	
Þekkið þið orð sem lýsa landslagi t.d. hæðir, hólar, dalir o.fl.? 			X
Þekkið þið muninn á borgarnáttúru og villtri náttúru? 			X
Hafið þið lært um heimsmarkmiðin í tengslum við átthaga? 		X	

Viljið þið breyta einhverju í kringum skólann? Ef já hverju mynduð þið vilja breyta? 			Setja skóg og fleiri blóm á lóðina
Hafið þið búið til mynd af nærsamfélaginu ykkar? Merkt inn á það húsin ykkar, skólann, örnefni og landslag? 			X
Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við átthaga og landslag? 		X	
Eruð þið dugleg við að sýna öðrum og segja frá dýrum, plöntum eða landslagi sem þið sjáið í kringum ykkur?			X

Hvað af eftirtöldu er í kringum skólann?



Skóli/leikskóli



Skrifstofur



Íbúðarhús



Sundlaug

Ekkí í kringum en stutt frá og förum við í hana



Búðir



Vitið þið hvað er í húsunum í kringum skólann?			X
Hafið þið farið í heimsóknir húsin í kringum skólann?			X
Ef já hafið þið gert eitthvað áhugavert með fólkinu sem vinnur þar?			Farið í heimsókn á Dalbæ og spjallað og leikið við fólkið þar
Hafið þið kynnst eldri borgurum í nágrenni skólans?			X

Einnig farið á bókasafn og fleira

Hvað af eftirtöldu er í nærumhverfinu?



Tré/skógur



Lækur/á



Stöðuvatn



Fjara



Fjall




Eru þið dugleg að fara í ferðir út fyrir skólalóðina?			X
Hafið þið farið í fjallgöngu?			X
Hafið þið farið í fjöruferð?			X



Hjarta skólinn og samfélagið

Hvað af eftirtöldu er á skólalóðinni?



Farið þið út að leika á hverjum degi?			X
Á skólinn útikennslusvæði eða grenndarsvæði?			X
Eruð þið að rækta grænmeti á skólalóðinni?		X Ræktum kartöflur á lóð Dalbæjar (með íbúum)	
Gefið þið fuglunum á skólalóðinni á veturna?	X		

Lýðheilsa, útfyllt af nemendum í umhverfisnefnd



Berið þið virðingu fyrir líkama ykkar og hugsið vel um hann?			X
Kunnið þið að hugsa vel um tennurnar ykkar?			X
Er ykkur kennt hvernig þið eigið að beita líkamanum rétt?	X		
Lærið þið um hollan og góðan mat í leikskólanum?			X
Farið þið í jóga eða hugleiðslu í leikskólanum?	X		
Er ykkur kennt sjálfstæði og fáid þið að vera þið sjálf?		X	

Hvað á við þig í dag?



Nægur svefn



Hollur matur



Útivera



Hreinar tennur



Hreinlæti



Hreyfing

Hvernig líður þér núna?



Syfjuð/syfjaður



Glöð/glaður



Hrædd/hræddur



Feimin/feiminn



Pirruð/pirraður



Leið/leiður



Reið/reiður



Spennt/spenntur



Hjarta
skólinn og samfélagið



Er boðið upp á hollan mat í leikskólanum?			X
Hversu oft í viku er boðið upp á grænmeti eða ávexti í leikskólanum?			Alla daga X




Eru hreyfistundir í leikskólanum?			X
Farið þið í hreyfistundir út fyrir leikskólalóðina?			X
Eruð þið örugg þegar þið hreyfið ykkur nálægt leikskólanum? (skólalóð, ferðalag í og úr skóla)			X
Er útivera á hverjum degi, sama hvernig veðrið er?			X
Þvo sér allir um hendurnar eftir klósettferðir og fyrir og eftir máltíðir?			X
Er mikilvægt að allir séu vinir og að ekki sé skilið útundan?			X
Passið þið upp á að leika saman og vera vinir?			X
Getið þið sagt einhverjum fullorðnum frá því ef ykkur líður illa í leikskólanum?			X
Farið þið reglulega út að skoða náttúruna í kringum ykkur?		X	



Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við lýðheilsu? 		X	
Viljið þið breyta einhverju í skólanum sem tengist lýðheilsu? Ef já, hverju viljið þið breyta? 			Fara snemma heim
Er skólinn Heilsueflandi skóli? 			X
Er skólinn með virka stefnu gegn einelti? 			X

Neysla, útfyllt af nemendum í umhverfisnefnd

			
Hafið þið lært um heimsmarkmiðin? 	X		
Vitið þið hvað við þurfum til að lifa? 		X	
Vitið þið hvað neysla er? 		X	
Vitið þið afhverju það er nauðsynlegt að fara vel með hlutina okkar? 		X	
Vitið þið af hverju það er slæmt ef rusl liggur í náttúrunni? 		X	




Hvaða kerfi haldið þið að sé best fyrir náttúruna?



Hjarta
skólinn og samfélagið

Hvað er notað í skólanum?



Eitthvað annað? Getið þið teiknað mynd af því? (T.d. föt, skór, bleyjur, borð, stólar, diskar, litir).

• Þurfið þið að nota þetta allt?

• Hvað verður um þessa hluti þegar þið hættið að nota þá?

Fara í endurvinnsluna

			
Ljósrita og prenta kennarar eins lítið og hægt er? 			X
Skapið þið eitthvað með pappír eða umbúðum sem á að henda? 			X



Farið þið heim með blaut föt í taupokum? 			X
Farið þið heim með listaverk í pappírmöppum eða fjölnota pokum? 		X	
Nota allir í skólanum (starfsmenn og börn) endurvinnslutunnurnar? 			X
Farið þið vel með dótið í skólanum svo það skemmist ekki? 			X
Notið þið handklæði eða litla klúta til að þurrka ykkur um munn og hendur? 			X
Eru notaðar umhverfismerktar vörur eins og t.d. hreinsivörur?  			X



Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við neyslu og hringrásarhagkerfið?  		X	
Farið þið stundum í gönguferðir og veltið fyrir ykkur ruslinu sem er í umhverfinu og hvaðan það kemur? 			X
Farið þið stundum í gönguferðir og tínið upp rusl? 			X
Passið þið upp á matar- sóun með því að passa upp á að henda ekki mat og skammta ykkur sjálf hóflega? 			X
Er ykkur sýnt hvernig hringrás virkar í leikskólanum t.d með moltu? 	X		
Er skiptimarkaður í leikskólanum fyrir notuð föt eða eitthvað annað? 			X

Eruð þið að rækta eigin mat eins og t.d. kartöflur?			X
Vitið þið hvað við þurfum til að lifa?		X	
Kemur fram í stefnu skólans að hann stuðli að hringrásarhagkerfinu t.d. með minni neyslu og meiri endurnýtingu?			X

Hvað getur skólinn gert til þess að minnka neyslu með hringrásarhagkerfið í huga?

Orka, útfyllt af nemendum umhverfisnefndar



Vitið þið hvaðan rafmagnið okkar á Íslandi kemur? 			X
Vitið þið að það er hægt að búa til orku sjálfur (t.d. með að núa saman höndum eða hlaupa)			X
Vitið þið hvaða hlutir á leikskólanum þurfa orku? 			X
Vitið þið hvaða hlutir á heimilinu ykkar þurfa orku? 			X



Eru ljósin alltaf slökkt þegar enginn er í herbergjum? 			X
Eru ljósin slökkt ef það er bjart úti? 		X	
Eru notaðar LED eða orkusparandi ljósaperur í skólanum? 			X
Sér einhver um að slökkva óþarfa ljós? 		X Enginn sérstakur það hjálpast allir að	
Er slökkt á tölvum þegar þær eru ekki í notkun? 			X
Er slökkt á öllum raf-tækjum (ekki sett á svefnstillingu) í lok dags? (eða slökkt á rauða rofanum á fjöltenginu?) 			X



Eru hitastillar á ofnunum í skólanum? Er hitastigið á ofnunum lækkað um helgar?			 Það eru ekki ofnar, það er góðfíti sem er lækkaður þegar hlýnar
Skoðið raftækin í skólanum, eru þau orkusparandi? (Isskápur, frystikista, tölvur)?			



**Hendur
aðgerðir**



Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við orku?			
Er verið að fylgjast með og skrá hvað skólinn notar mikla orku?			
Er reynt að draga úr orkunotkun innan skólans?			
Hafið þið kannað og upplifað hvernig lífið væri án rafmagns, t.d. haft rafmagns-lausan dag/klukkutíma?			

Hvað getur skólinn gert í tengslum við orku? Hvað dettur ykkur í hug?

Ekki nota tölvur

Mat nemenda skólaárið 2023 - 2024

Orka, útfyllt af nemendum umhverfisnefndar

Orka



Hugur
þekking



Vitið þið hvaðan rafmagníð okkar á Íslandi kemur?			X
Vitið þið að það er hægt að búa til orku sjálfur (t.d. með að núa saman höndum eða hlaupa)		X	
Vitið þið hvaða hlutir á leikskólanum þurfa orku?			X
Vitið þið hvaða hlutir á heimilinu ykkar þurfa orku?			X



Hjarta
skólinn og samfélagið



Eru ljósin alltaf slökkt þegar enginn er í herbergjum?			X
Eru ljósin slökkt ef það er bjart úti?			X
Eru notaðar LED eða orkusparandi ljósaperur í skólanum?	X		
Sér einhver um að slökkva óþarfa ljós?			X
Er slökkt á tölvum þegar þær eru ekki í notkun?			X
Er slökkt á öllum raf-tækjum (ekki sett á svefnstillingu) í lok dags? (eða slökkt á rauða rofanum á fjöltenginu?)			X



Eru hitastillar á ofnunum í skólanum? Er hitastigið á ofnunum lækkað um helgar?			X
Skoðið raftækin í skólanum, eru þau orkusparandi? (ísskápur, frystikista, tölvur)?		X	



**Hendur
aðgerðir**



Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við orku?	X		
Er verið að fylgjast með og skrá hvað skólinn notar mikla orku?	X		
Er reynt að draga úr orkunotkun innan skólans?			X
Hafið þið kannað og upplifað hvernig lífið væri án rafmagns, t.d. haft rafmagnslausan dag/klukkutíma?			X

Lýðheilsa, útfyllt af nemendum í umhverfisnefnd

Hvernig líður þér núna?



Hjarta
skólinn og samfélagið



Er boðið upp á hollan mat í leikskólanum?			X
Hversu oft í viku er boðið upp á grænmeti eða ávexti í leikskólanum?			X

Hvað á við þig í dag?





**Hendur
aðgerðir**



Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við lýðheilsu?	X		
Viljið þið breyta einhverju í skólanum sem tengist lýðheilsu? Ef já, hverju viljið þið breyta?			X
Er skólinn Heilsueflandi skóli?			X
Er skólinn með virka stefnu gegn einelti?			X



**Hugur
þekking**



Berið þið virðingu fyrir líkama ykkar og hugsið vel um hann?			X
Kunnið þið að hugsa vel um tennurnar ykkar?			X
Er ykkur kennt hvernig þið eigið að beita líkamanum rétt?			X
Lærið þið um hollan og góðan mat í leikskólanum?			X
Farið þið í jóga eða hugleiðslu í leikskólanum?		X	
Er ykkur kennt sjálfstæði og fáid þið að vera þið sjálf?		X	

Eru hreyfistundir í leikskólanum? 			X
Farið þið í hreyfistundir út fyrir leikskólalóðina? 		X	
Eruð þið örugg þegar þið hreyfið ykkur nálægt leikskólanum? (skólalóð, ferðalag í og úr skóla) 			X
Er útivera á hverjum degi, sama hvernig veðrið er? 			X
Þvo sér allir um hendurnar eftir klósettferðir og fyrir og eftir máltíðir? 			X
Er mikilvægt að allir séu vinir og að ekki sé skilið útundan? 			X
Passið þið upp á að leika saman og vera vinir? 			X
Getið þið sagt einhverjum fullorðnum frá því ef ykkur líður illa í leikskólanum? 			X
Farið þið reglulega út að skoða náttúruna í kringum 			X

Átthagar og landslag, útfyllt af nemendum í umhverfisnefnd

Átthagar og landslag

Alls konar umhverfi er að finna í kringum skóla og heimili, bæði náttúrulegt og manngert. Mikilvægt er að nemendur þekki umhverfi sitt og helstu kennileiti þess, bæði náttúruleg (villt náttúra og landslag) og manngerð (hús, vegir og garðar).

Garðar og önnur græn svæði eru yfirleitt manngerð (borgarnáttúra) en þau eru samt mikilvæg.



Hugur
þekking




Þekkið þið ornefni í landslaginu í kringum ykkur?			
Þekkið þið orð sem lýsa landslagi t.d. hæðir, hólur, dalir o.fl.?			
Þekkið þið muninn á borgarnáttúru og villtri náttúru?			
Hafið þið lært um heimsmarkmiðin í tengslum við átthaga?			



Hjarta
skólinn og samfélagið

Hvað af eftirtöldu er á skólalóðinni?



Farið þið út að leika á hverjum degi?			
Á skólinn útikennslusvæði eða grenndarsvæði?			
Eruð þið að rækta grænmeti á skólalóðinni?			
Gefið þið fuglunum á skólalóðinni á veturna?			

Hvað af eftirtöldu er í kringum skólann?



Skóli/leikskóli



Skrifstofur



Íbúðarhús



Sundlaug



Búðir



Vitið þið hvað er í húsunum í kringum skólann?			
Hafið þið farið í heimsóknir húsin í kringum skólann?			
Ef já hafið þið gert eitthvað áhugavert með fólkinu sem vinnur þar?			
Hafið þið kynnst eldri borgurum í nágranni skólans?			

Hvað af eftirtöldu er í nærumhverfinu?



Tré/skógur



Lækur/á



Stöðuvatn



Fjara



Fjall



Eru þið dugleg að fara í ferðir út fyrir skólalóðina?			
Hafið þið farið í fjallgöngu?			
Hafið þið farið í fjöruferð?			



Hendur
aðgerðir



Viljið þið breyta einhverju í kringum skólann? Ef já hverju mynduð þið vilja breyta?		●	
Hafið þið búið til mynd af nærsamfélaginu ykkar? Merkt inn á það húsnið ykkar, skólann, örnefni og landslag?	●		
Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við áttthaga og landslag?	●		
Eruð þið dugleg við að sýna öðrum og segja frá dýrum, plöntum eða landslagi sem þið sjáið í kringum ykkur?		●	

Hvað getur skólinn gert til að kynnast betur áttthögum og landslagi?

- Leika Saman
- Borða með Kusum.
- Heimsækja sveitina.
- Myrkur í náttúrunni.
- Það eru mýs í náttúrunni og refur en engir kakkalakkar á Íslandi.

Neysla og hringrásarhagkerfið



Hugur
þekking



Hafið þið lært um heimsmarkmiðin?			
Vitið þið hvað við þurfum til að lifa?			
Vitið þið hvað neysla er?			
Vitið þið afhverju það er nauðsynlegt að fara vel með hlutina okkar?			
Vitið þið af hverju það er slæmt ef rusl liggur í náttúrunni?			

Allt fer í ruslið



Sumt er flokkað,
annað fer í ruslið



Hringrás,
ekkert fer í ruslið



Hvaða kerfi haldið þið að sé best fyrir náttúruna?

Fylgiskjal 2

Fundagerðir

Fundir með umhverfisnefnd nemenda

17.11.2023 kl: 10:00

Mættir voru: Ágústa, Dagný, Erika, Rúna Hólm, Högni, Hilmar Ingvars, Þormar Kári, Hrafnhildur Lilja

- Börnin voru boðin á fund og kynnt fyrir þeim verkefni þeirra í þessari nefnd.
- Grænfáninn var kynntur vel og þau gerð Grænfánaspæjarar fyrir okkur á leikskólanum og ætla þau að passa að allir hugsi um náttúruna, týni upp rusl, passa að slökkt sé á ljósum í rýmum sem er ekki verið að nota o.s.fr.v. og minna fólk á.
- Hugmynd kom að fara á gámasvæðið og leyfa þeim að skoða til að þau sjái betur flokkun.

Fundur 18.3.2024

Mættir voru: Dagný Björk, Úlfar Baldvin, Högni Manúel, Rúna Hólm

- Fórum yfir matslista fyrir orku og átthaga og nærumhverfið
- Ræddum aðeins um þessi málefni á meðan

Grænfánaskýrsla 20.mars 2024

Mættir voru Dagný, Jakob Óttar, Þórarinn, Hilmar Thor og Atli Freyr

- Ég fór yfir matslistana lýðheilsa og neysla og hringrásarkefið með þeim og þeir svöruðu eftir bestu getu og sumt fengu þeir aðstoð við.

Grænfánaskýrsla 9. október 2024

Mættir voru Ágústa, Indíana, Andrea, Sara, Einar Bragi, Jóhann, Elma, Birnir

- Farið var yfir hlutverk þeirra í nefndinni.
- Ágústa fór yfir með þeim út á hvað grænfáni er.
- Ræddum um að þau væru grænfánalöggur sem myndu fylgjast vel með flokkun og að slökkva ljósin. Þeim fannst það mjög spennandi.

Grænfánaskýrsla 19. -21 mars 2025

Mættir voru Ágústa, Indíana, Andrea, Sara, Einar Bragi, Jóhann, Elma, Birnir

- Hittum hópinn og fengum þau til að svara matskýrslurnar.

Fundir með Grænfána og heilsueflandi leikskóla nefndinni

Fundur 26. 9. 2023

Mættir eru: Dagný, Helga, Agnes, Kristófer, Kolbrá, Hekla og Ágústa

- Farið yfir skýrslu frá Grænfána og skoðaðar ábendingar sem komu
- Rætt um umhverfisnefnd barnanna. Það þarf að búa til nýjan hóp og byrja á því að gera gátlista. Stefnt á að byrja í október.
- Verkefnið er kynnt á foreldrafundi en spurning að senda póst á foreldra oftast
- Fólki hvatt til að setja inn verkefni sem eru unnin í tölvunni undir Grænfánamöppu sem eru unnin á hverri og einni deild
- Hvetja fólk til að flokka og hugsað hvernig við getum hvatt fólk til að flokka betur
- Rætt um að fá fræðslu um flokkun á starfsdegi
- Rætt um að vigta matarafganga sem fer til hænsnanna til að athuga hvað leikskólinn er að spara í förgunargjald. Prófa 3 mánuði okt,nóv, des og tekið meðaltal.

Grænfánafundur 26.01.24

Mættir voru: Dagný, Ágústa, Elva, Kristín, Kolbrá, Sigga, Hekla og Kristófer

- Farið yfir hvað við erum búin að vera að gera.
- Kristófer ætlar að taka að sér að skoða yfir merkingar með reglunum okkar.
- Alþjóðlegur tannverndardagur er 20. mars og verður tannverndarvikan í vikunni 18. - 22. mars.
- Spurning að hafa söngfund með tannlögum
- Hver deild gerir eitt verkefni um tennur
- Spurning að fá Finca fresh kynningu á ávöxtum í þeirri viku

- Kolbrá ætlar að skoða merkingar á ljósum/rusladöllum þegar framkvæmdir eru búnar

Fundur 25. nóvember 2024

Fundinn sitja.

Ágústa, Valería, Indíana, Kolbrá, Ástrós, Brynja, Herdís, Carmena, Elvý.

-Margir nýjir í nefndinni. Þurfa að lesa skýrslurnar.

Farið yfir punkta sem búið var ákveða. Göngutúrar, umhverfisvitund, týna rusl.

-Rusladagur í grunnskólanum. Við fáum úthlutað svæði.

-vorverkefni,

-umræður um göngutúra, tala við bæinn með að ryðja göngustíga.

-tannverndarvika eftir áramót- finna verkefni. Eitthvað sem hægt er að færa inn á heimilin.

-Flokkun, láta krakkana flokka og kenna þeim.

-passa upp á skammtastærðir.

-verður skipt um leirtau. Taka út plast með eiturefnum.

-Endilega fá gamalt brauð úr kjörbúðinni til að gefa öndunum.

-Stofna Grænfánahóp. Þrjú að Hóla og þrjú að Káta.

Kátakot - Andrea, Jóhann og Einar.

Hólakot - Elma, Birnir og Salóme.

Næsti fundur. Janúar-skipuleggja tannverndarvikuna. Tannverndardagur 20. mars.

17.3.2025

Mætt. Ágústa, Ástrós, Daría, Carmena, Indíana, Herdís, Valería, Kristín, Elvý, Kolbrá, Marek.

Farið yfir fundagerð síðasta fundar.

-Aðilar í nefndinni fylgjast með að myndir og lýsingar á verkefnum séu sett inn í grænfánamöppuna. Hvetja fólk til að setja inn ef hægt er að tengja við Grænfánann.

-Ræddum um efnasnjallan leikskóla. Erum smám saman að losa okkur við óæskileg efni. Tökum út leikefni sem ekki er framleitt sem barnaleikföng, raftæki og annað. Planið að fara í góða tiltekt á skipulagsdegi og hver og ein deild fari yfir hvers konar efnivið við viljum bjóða upp á.

-Rætt hvað búið er að gera frá síðasta plani. Farið hefur verið í að fara yfir öll hreinsiefni sem notuð eru á leikskólanum og taka út óæskileg efni.

-Ástrós og Indiana, funda með krökkunum í grænfánanefndinni og gera mat með þeim.

-Heilsueflandi leikskóli. Tannverndarvika. Hvað er hægt að gera. Börnin fá tannbursta frá foreldrafélagi, flokka hvað er hollt og hvað er óholt.

-Ruslatré. Bent var á hugmynd af verkefni sem annar leikskóli gerði.

-Elvý finnur fræðandi myndbönd til að setja í stjórapóst. Bæði Heilsueflandi og Grænfána.